



FRAMTÍÐARSÝN

FORMANNAFUNDUR ÍSÍ 2022



ÍPRÓTTA- OG ÓLYMPÍUSAMBAND ÍSLANDS



FRAMTÍÐARSÝN

Íþróttir skipi mikilvægan sess meðal allra landsmanna alla ævi, í gegnum þátttöku og upplifun sem sameinar íslensku þjóðina.

HLUTVERK

Íþróttahreyfingin verði ríkur þáttur í lífi og heilsu þjóðarinnar allrar með kraftmiklu og fjölbreyttu starfi, jákvæðri upplifun og sameiningarmætti.



ÁHERSLUR Í STARFI ÍSÍ



- **Fagmennska** – með því að:
 - efla starfshætti og umgjörð íþróttahreyfingarinnar m.a. með öflugu gæðakerfi.
 - efla fræðslu innan íþróttahreyfingarinnar.
 - bjóða upp á markvisst eftirlit með starfsemi íþróttahreyfingarinnar.
 - skapa aðlaðandi umhverfi fyrir sjálfboðaliða.
- **Heilbrigði** - með því að:
 - skapa öruggt og þroskandi umhverfi í íþróttafélögunum.
 - þróa íþróttframboð fyrir alla aldurshópa í samvinnu við sambandsaðila.
 - vera leiðandi í lýðheilsuátaki þjóðarinnar með öflugu íþróttastarfi fyrir alla landsmenn.
 - íþróttahreyfingin hugi að loftslags- og umhverfismálum, heimsmarkmiðum SP og sjálfbærni íþróttaviðburða.
- **Árangur** - með því að:
 - skapa umhverfi fyrir íslenskt afreksíþróttafólk sem stenst alþjóðlegan samanburð.
 - vinna að bættum réttindum íþróttafólks á Íslandi.
 - þjóðfélagið meti íslenskt afreksíþróttafólk að verðleikum.
 - afreksíþróttafólk eigi auðveldara með að samræma afreksíþróttuferil og nám.

TIL AÐ NÁ ÁRANGRI, ÞARF AÐ HORFA TIL ÞESS AÐ ...

- fylgja stafrænni þróun og beita nútímatækni
- allt starf og árangur sé sýnilegt og vel kynnt
- hafa fjárhagslega getu til umbóta



ÍSÍ ER FYRIR...



þjóðina

sambandsaðila

íþróttafólkið

sjálfboðaliða

íþróttastarfið



ÁHERSLUR ÍSÍ FYRIR...



Þjóðina, með því að:

- vinna að lýðheilsumálum í samvinnu við stjórnvöld og sambandsaðila.
- stuðla að aukinni íþróttapátttöku og hreyfingu barna á öllum skólastigum.
- vera sýnilegt í umræðu um íþróttastarf innan Norðurlanda, Evrópu og á heimsvísu.
- huga að loftslags- og umhverfismálum, heimsmarkmiðum SP og sjálfbærni íþróttaviðburða.
- vinna að uppbyggingu þjóðarleikvanga.



ÁHERSLUR ÍSÍ FYRIR...



sambandsaðila, með því að:

- vera í forystuhlutverki gagnvart stjórnvöldum og öllu íþróttastarfi á Íslandi.
- sjá til þess að regluverk íþróttahreyfingarinnar þjóni hlutverki sínu og aðstoði sambandsaðila og íþróttafélög við að skipuleggja þann ramma sem starfað er eftir.
- fylgja eftir að unnið sé eftir lögum, reglum, stefnum og gildum á öllum stigum starfsins.
- vera með öflugt gæðakerfi íþróttahreyfingarinnar og vinna að því að allar einingar íþróttahreyfingarinnar temji sér góða starfshætti.
- vera með eftirlit sem tryggir gæði starfsins og gera aðilum íþróttahreyfingarinnar mögulegt að fá aðstoð við vinnu að erfiðum málum.
- koma að umbótaverkefnum með sambandsaðilum.



ÁHERSLUR ÍSÍ FYRIR...



Íþróttafólkið, með því að:

- Ísland eigi hverju sinni afreksfólk og afreksflokka í íþróttum er skipi sér á bekk með þeim bestu í heiminum.
- Þjóðfélagið meti afreksíþróttafólk að verðleikum.
- afreksíþróttafólk eigi auðveldara með að samræma afreksíþróttuferil og nám.
- skapa umhverfi fyrir afreksíþróttafólk á Íslandi sem stenst alþjóðlegan samanburð.
- vinna að bættum réttindum íþróttafólks.



ÁHERSLUR ÍSÍ FYRIR...



sjálfboðaliða í íþróttahreyfingunni, með því að:

- bæta stöðu sjálfboðaliða innan íþróttahreyfingarinnar.
- gera eftirsóknarvert að vera sjálfboðaliði innan íþróttahreyfingarinnar.
- einfalda starf sjálfboðaliða í íþróttahreyfingunni, s.s. með stafrænum lausnum og skilgreindum verkefnum.
- bjóða upp á aukna fræðslu fyrir sjálfboðaliða.



ÁHERSLUR ÍSÍ FYRIR...



Íþróttastarfið:

- bæta faglega þekkingu þeirra sem starfa innan íþróttahreyfingarinnar.
- vinna að stafrænum breytingum í umgjörð íþróttastarfs.
- afla aukinna tekna, s.s. með alþjóðlegum styrkjum.
- bæta rekstur, áætlanagerð og eftirfylgni.
- efla útbreiðslu íþróttar og aðgengi sem flestra að skipulögðu íþróttastarfi.



ÍSÍ ÆTLAR ÞVÍ AÐ...



- efla kynningar og markaðsmál, almennatengsl, fræðslu og upplýsingaflæði.
- gera stafræna miðlun ÍSÍ aðgengilega og áhugaverða.
- vera leiðandi í umbótum fyrir sambandsaðila.
- efla og bæta aðstöðu á skrifstofu ÍSÍ.
- nútíma- og tæknivæða starfsemina eins og kostur er.
- styrkja skrifstofu ÍSÍ til að hún hafi möguleika til að fylgja eftir þróun og framtíðarsýn.
- vinna að uppbyggingu Íþróttamiðstöðvarinnar í Laugardal svo að hún þjóni sem best starfsemi ÍSÍ og sambandsaðila.
- sækja meira fjármagn, t.d. frá stjórnvöldum, til reksturs ÍSÍ og sambandsaðila.





TAKK FYRIR

FORMANNAFUNDUR ÍSÍ 2022

